

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

#### *Breyting á deiliskipulagi Móahverfis.*

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 31. janúar 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Móahverfi.

Breytingin tekur til Heiðarmóa 10-14 og felur í sér að leyfilegt verður að byggja sex tveggja herbergja íbúðir á lóðinni.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi Holtahverfis norður.*

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 24. apríl 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Holtahverfi norður.

Breytingin tekur til Dvergaholts 1 og felur í sér að leyfilegt verður að bæta við kjallara og innkeyrslu ásamt því að viðmiðunarhæðarkóti og nýtingarhlutfall hækka.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

#### *Breyting á deiliskipulagi fyrir Krossaneshaga, C-áfanga.*

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 10. janúar 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Krossaneshaga, C-áfanga.

Breytingin tekur til Týsness 18 og 20 og felur í sér að fallið verður frá áður samþykktum breytingum á deiliskipulagi sem fólust í því að sameina lóðirnar í eina og skilmálar færðir aftur í upphaflegt horf.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 5. júní 2024,*

**Rebekka Rut Þórhallsdóttir**, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.